

Olíudreifing ehf  
Gestur Guðjónsson  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2019  
UST201901-195/Á.M.  
08.06.02

### Eftirlit 2019 - Olíudreifing Krossanes - Reglubundið eftirlit 15. 11. 2019

Þann 15. nóvember sl. fór fram eftirlit í Olíudreifingu Krossanesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### Engin ábending kom fram í eftirliti en eitt frávík er varðar:

1. Gr. 3. 2 í starfsleyfi. Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti.

Rekstraraðili brást við fráviki og telst því nú lokið.

Virðingarfyllst

  
Ásta Maack

Sérfræðingur

  
Halla Einarisdóttir

Teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing, Krossanesi Krossanesi



Dags eftirlits	15.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Ásta Maack
Fyrirtæki	Olíudreifing, Krossanesi	Eftirlitsmaður	Ásta Maack
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540523,65 578809,711

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu en engar ábendingar voru gerðar

## UMFANG EFTIRLITS

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða var kynnt
- Viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda voru kynntar
  - Tilkynningar vegna mengunaróhappa
  - Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Ástand lagna, olúgeyma og olúskilja athuguð
- Rennt yfir starfsleyfi

1. & 2. Í eftirliti var fundað með fulltrúum Olíudreifingar ehf. og gögn, s.s. áhættumat og viðbragðsáætlanir kynntar. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu var útskýrt sem og viðbragðsáætlun sem þarf að vera til staðar í starfsstöðinni.

3. Allir geymar hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum, að undanskildum geymi nr. 600.02.00. Hann átti að þykktarmæla 2017. Samkvæmt skjölum frá 2011 samþykkti Umhverfisstofnun þykktarmælingar frá 2007. Misræmi í tímasetningum ullu því misskilningi á því hvenær ætti að þykktarmæla geyminn en telst atvikið frávik frá grein 3.2 í starfsleyfi stöðvarinnar. Að loknu eftirliti barst Umhverfisstofnun þykktarmæling á geyminum og telst frávik þvi nú lokið. Allar lagnir voru þrýstiprófaðar í seinni hluta árs 2018. Tvö Macheray-Nagel próf voru gerð á olúskiljum stöðvarinnar þann 15.11.2019 og greindist ekki olúsmit á þeim prófum.

4. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti rekstraraðila undanþágu frá starfsleyfi sem gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó ekki lengur en til 1. október 2020. Í bréfinu segir að Umhverfisstofnun skuli veita rekstraraðila svigrúm til þess að uppfylla kröfur um lekavörn eða finna tilsvarendi aðgerðir til þess að draga úr mengunaráhættu. Á meðan lekavörn nær ekki stærðarmörkum í reglugerð nr. 884/2017 og undanþága ráðuneytisins er í gildi, þá skal rekstraraðili setja fram tímasetta áætlun um aðgerðir sem draga úr hættu á því að olía berist út í umhverfið.

Samkvæmt rekstraraðila hyggst starfsstöðin setja upp hæðarskynjara sem staðsettur er í olúskilju. Rafknúinn framhjáhlaupsloki yrði svo settur upp, sem væri jafnan lokaður.

Í eftirliti var rennt yfir starfsleyfi stöðvarinnar. Nokkrar breytingar eru á stöðinni. Svartolíugeymir stendur tómur, en rekstraraðili hyggst upplýsa Umhverfisstofnun þegar geymir er tekinn aftur í notkun. Eintak af starfsleyfi, afstöðumynd af birgðarstöð, flæðirit, viðbragðsáætlun, rekstrarhandbók og skýrsla um útblástursloft eru til staðar. SDR trygging, umhverfismarkmið og skráningar liggja fyrir. Starfsstöð er snyrtileg og skipulögð.

### Frávik frá


### Lýsing á frávikum

Grein 3.2 í starfsleyfi

„Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti“.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.12.2019

  
Ásta Maack